



Reykjavík, 21. ágúst 2024

MSS24030167

## TILLAGA

### **Breytingartillaga íbúaráðs Breiðholts við tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um verk- og framkvæmdaáætlun vegna skiptistöðvar í Mjódd**

Lagt er til að íbúaráð Breiðholts samþykki að beina því til borgarráðs að láta vinna tillögu að breytingum á skiptistöðinni í Mjódd og á nánasta umhverfi hennar þannig að aðstaða og umgjörð verði í senn aðlaðandi, aðgengileg, veiti viðskiptavinum, sérstaklega konum, meiri öryggistilfinningu og laði þannig að fleiri farþega. Þegar kostnaðarmetin tillaga liggur fyrir er gert ráð fyrir að verkefnið verði sett á fjárhagsáætlun og sá hlut framkvæmda sem tengjast öryggi og aðgengi verði sett í algeran forgang.

#### **Greinargerð**

Mjódd er fjölmennasta skiptistöð höfuðborgarsvæðisins, fjölmennari en Hamraborg, Hlemmur og Lækjargata. Hún sinnir ekki aðeins almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu heldur er líka byggðalína út á land. Íbúaráðið telur brýnt að borgarráð fari í þá vinnu að kostnaðarmeta nauðsynlegar breytingar á skiptistöðinni í Mjódd þannig að stöðin geti þjónustað betur farþega á öllum aldri og bætt öryggistilfinningu þeirra, sérstaklega kvenna með markvissum aðgerðum. Við Árskóga og Skógasel er stórt samfélag eldra fólks og býr hópurinn í göngufæri við Mjódd en staðurinn er mikilvægur fyrir hópinn að sækja sér þjónustu, hittast yfir kaffibolla eða og nýta sér almenningssamgöngur. Brýnt að huga að lýsingu, grisjun gróðurs við skiptistöðina og sléttun göngustíga sem hafa aflagast vegna rötakerfis risa stórra aspa. Í vinnunni verði skoðaðar vinnutillögur sem unnar voru fyrir borgina árið 2015, að vinnan verði sett í forgang og þeim verkefnum sem tengjast öryggistilfinningu og aðgengi að svæði í kringum skiptistöðina eins og bætt lýsing, grisjun trjáa og sléttun gönguleiða verði settar á fjárfestingaáætlun næsta árs.



Reykjavík